

KJARASAMNINGUR

milli

Torgs ehf.

og

Blaðamannafélags Íslands

1. gr.

Með þessum kjarasamningi semja aðilar í fyrsta sinn um gerð kjarasamnings eftir að Torg ehf. gekk úr Samtökum atvinnulífsins. Aðilar eru sammála um að kjarasamningur þessi sé gerður á grundvelli kjarasamnings milli Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 2019 en feli að öðru leyti í sér tilgreindar breytingar frá þeim samningi. Þannig breyttur sé orðinn til heildstæður kjarasamningur milli aðila.

2. gr.

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

3. gr.

Almenn launahækkun samkvæmt samningnum er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar. Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

4. gr.

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir, tilgreindir í fylgiskjali 1 við samning þennan, sem verða hluti samningsins og gilda frá 1. nóvember 2022.

5. gr.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf og skal á árinu 2023 vera kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf skal á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 vera kr. 56.000.



Fylgiskjal 1 – Kaupbætur frá 1. nóvember 2022

	Byrjunarl	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1.flokkur	458,316	483,356	498,380	514,305	531,448	544,127	557,186	562,637	576,297
2.flokkur	536,758		548,368	560,412	572,908	575,840	584,952	598,572	612,702
3.flokkur	548,368		560,412	572,908	575,840	584,952	598,572	612,702	

[Handwritten signature]

6. gr.

Í grein 2.3.1. kemur 20% í stað 15% og 27% í stað 21%.

7. gr.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir kl. 12:00 þann 27. janúar 2023.

Reykjavík, 24. janúar, 2023

F.h. Blaðamannafélags Íslands

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Sigundur Dóttir" with a stylized flourish at the end.

F.h. Torgs ehf.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Lingfrim" above "Ari Helgi" with a large flourish at the end.